

Mjög sjaldan mun það þó vera, að fullorðni maðurinn hafi eins hreina og ómengaða gleði af því að skoða þetta listaverk eins og hann hafði, þegar hann var barn, og var að horfa á sterku litina og grófu drættina. En vill hann skifta á tilveru sinni við það þegar hann var barn? Það er óhætt að fullyrða, að slíkt á sér mjög sjaldan stað. Það væri þó nytsemi („utility“). Ef barnið er lukkulegra yfir sínu leikfangi, heldur en fullorðni maðurinn er yfir listaverkinu, og hann, fullorðni maðurinn veit það, en vill þó ekki skifta um, þá er eitthvað annað sem ræður þeirri tilfinningu en hagsvon. Hvað er það þá sem næður þessu? Það er hans eigin meðvitund um að hann er kominn á æðra stig —meðvitund um það, að hann hefir þroskast frá því að hann var barn, og hann vill ekki missa þann þroska, þrátt fyrir það, þótt í boði væri á móti meiri lífsgleði, heldur en þessi þroski gæti veitt honum.

Hið sama er að segja um söng eða músík. Ef að þér hafið veitt því nokkra eftirtekt, þá munuð þér hafa tekið eftir því, að á söngskemtunum eða hljóðfæraskemtunum, ef söngur eða músík er af nokkurri list, að það kemur aldrei fyrir að neinn, sem virkilega hefir vit og unun af söng, fari þaðan út með galsa og hlátri, nema því að eins að eitthvert annað óskyldt atriði hafi vakið það. Meira að segja, það vakna hjá honum tilfinningar, sem standa nær gráti en hlátri, en hinn aftur á móti, sem minna vit hefir, er kátur. Vill nú sá sem meira vit hefir á söng, en sem þó ekki getur hlustað á söng án þess að vikna, skifta ásigkomulagi við þann sem minna vit hefir, en viknar aldrei, hversu vel sem sungið er? Nei, alls ekki. Því þá ekki? Það væri þó nytsemi. Því vill hann ekki skifta við þann, sem hefir meiri nautn af lífinu? Það er af sömu ástæðum og í hinu tilfellinu. Hann veit að hans skoðun og tilfinningar eru aðri en hins, og þess vegna vill hann ekki skifta þrátt fyrir, þótt hægt sé að færa rök fyrir því að slíkt væri hagnaður.

Einu sinni var eg staddur á leikhúsi og var leikinn sjónleikur nokkur. Það sátu tveir menn hjá mér, sem eg þekti. Það sat sinn við hvora hlið mér. Þeigar fram í leikinn sótti, kom þar atriði fram, sem í sjálfu sér var ákaflega átakanlegt